

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 26. maí 2023
Kl. 09:00 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Pírötum, Bryndís Haraldsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Geir Gunnlaugsson, Háskóla Íslands, Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, Alþýðusambandi Íslands, Jakob Frímagn Magnússon, Flokki fólksins, Ragnar Gunnarsson, Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga, Sólrún María Ólafsdóttir, Rauða krossinum á Íslandi, Stella Samúelsdóttir, Landsnefnd UN Women á Íslandi og Sjöfn Vilhelmsdóttir, GRÓ-LRT.

Bjarni Jónsson, Vinstri grænum, Erna Bjarnadóttir, Miðflokki, Gísli Rafn Ólafsson, Pírötum, Halldór Benjamín Þorbergsson, Samtökum atvinnulífsins, Laufey Birgisdóttir, ABC barnahjálp, Ragnar Schram, SOS barnaþorp, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Viðreisn, Þórarinn Ingi Pétursson, Framsóknarflokki og Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingu, boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Elín R. Sigurðardóttir skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu og Þórarinna Söebeck, deildarstjóri á þróunarsamvinnuskrifstofu.

Nefndarritari: Agnes Hauksdóttir.

1. Fundur settur (09:03)

Formaður fór yfir dagskrá og opnaði fundinn.

2. Jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) (09:08)

Elín R. Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, fór yfir helstu niðurstöður jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) en niðurstöður hennar verða gerðar opinberar þann 5. júní n.k. Var þetta í annað sinn sem slík rýni hefur verið gerð eftir að Ísland gekk í þróunarsamvinnunefndina árið 2013.

Niðurstöður jafningjarýnnar eru almennt jákvæðar og er ráðuneytið sammála flestum þeim tilmælum og tillögum sem lagðar eru fram í skýrslunni. Farið er yfir helstu styrkleika Íslands þegar kemur að þróunarsamvinnu en þrátt fyrir að vera fremur lítið framlagsríki hefur Íslandi tekist að hámarka framlög sín með skýrri nálgun og með því að nýta styrkleika sína og sérþekkingu. Er Ísland hvatt til þess að halda áfram á sömu braut. Íslandi hafi t.a.m. gengið vel í verkefnum á sviði jafnréttismála og auk þess hafi héraðsnálgun í tvíhliða þróunarsamvinnu borið góðan árangur.

Í skýrslunni er að finna tíu tilmæli og tillögur að umbótum sem ráðuneytið mun þurfa að vinna úr. Lagt er til að Ísland setji fram tímasetta áætlun um hvernig eigi að ná markmiðum stjórnvalda

um að veita 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT) til þróunarsamvinnu. Þá er þar einnig að finna tilmæli um að bæta megi stefnumótun í umhverfis- og loftslagsmálum, landaáætlanir megi vera útfærðar með skýrari hætti auk þess sem styrkja megi árangursmiðaða nálgun Íslands. Lagt er til að skólar GRÓ starfi í samræmi við markmið Íslands í þróunarsamvinnu og að aukið sé við framboð á styttri námskeiðum í samstarfslöndum. Skilgreina þarf einnig betur samstarf við atvinnulífið. Tryggja þarf viðeigandi mönnun og viðhalda sérfræðipækkingu á sviði þróunarsamvinnu.

Spurt var um hvernig Ísland standi þegar komi að upphæð framlaga miðað við önnur ríki. Í fyrra var Ísland rétt undir meðaltali með 0,34% af VPT sem veitt voru til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Í ár er gert ráð fyrir að um 0,35% af VPT sé veitt til þróunarsamvinnu en gert er ráð fyrir tæplega 13 milljörðum í þróunarsamvinnu í fjárframlögum fyrir árið 2023.

Rætt var um þau áhrif sem innrás Rússa í Úkraínu hafi haft á upphæð framlaga sem veitt voru til þróunarsamvinnu í fyrra. Ísland hafi aukið framlög til þróunarsamvinnu frá árinu 2021 til ársins 2022 og voru umræður um hvort sú hækkun hefði náðst ef kostnaður vegna móttöku flóttafólks vegna innrásarinnar væri ekki talinn með. Mikilvægt sé að sá kostnaður sem komi til vegna innrásarinnar komi til viðbótar við þau framlög sem veita eigi til þróunarsamvinnu svo það bitni ekki á öðrum verkefnum, sérstaklega í fátækari ríkjum.

Fulltrúar ræddu um starfsemi GRÓ skólanna og þau tilmæli sem tengdust þeim sem sett voru fram í jafningjarýninni. Fulltrúi vekur athygli á lið 62 í DAC skýrslunni þar sem gerð er athugasemd við háan kostnað á nemenda við GRÓ skólana og vaxandi áhyggjur rýnihópsins um hvort þetta sé góð nýting á fjármagni til þróunarsamvinnu. Í framhaldi af því var óskað eftir því að nefndin fengi kynningu á starfsemi GRÓ. Formaður ætlar að setja það á dagskrá nefndarinnar að loknu sumarfrí.

3. Þróunarsamvinnustefna til fimm ára (09:57)

Þórarinna Söebeck, deildarstjóri á þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, fór yfir gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu en verið er að leggja lokahönd á drög að stefnunni áður en hún fer í samráðsgátt í sumar. Í stefnunni verður lögð áhersla á að nýta styrkleika og sérþekkingu Íslands í þróunarsamvinnu. Við gerð stefnunnar þarf Ísland að vinna í takt við sínar alþjóðlegu skuldbindingar en auk þess er tekið tillit til tilmæla úr jafningjarýninni. Ekki eru lagðar til neinar umbreytingar heldur er forgangsröðun breytt og framsetning einfölduð. Breytingar eru einnig gerðar í takti við þær fjölþættu áskoranir sem allur heimurinn stendur frammi fyrir í dag. Þá hefur yfirmarkmið stefnunnar verið einfaldað, vinna að framgangi Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þá verða jafnrétti, mannréttindi, umhverfis- og loftslagsmál sértæk og þverlæg markmið í öllum þeim þróunarsamvinnuverkefnum sem Ísland vinnur að. Lögð verður áhersla á fjóra málaflokka; mannréttindi og jafnrétti kynjanna, mannauð og grunnstoðir samfélaga, loftslagsmál og náttúruauðlindir, mannúðarmál og störf í þágu stöðugleika og friðar.

Ekki verða lagðar til miklar breytingar á samstarfsaðilum né á framkvæmd verkefna. Ísland haldi áfram samstarfi í tvíhliða þróunarsamvinnu í Malaví, Síerra Leóne og Úganda. Í fjölþjóðlegu samvinnunni koma inn nokkrar nýjar áherslustofnanir sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum.

Spurt var um hverjar helstu breytingarnar væru á nýju stefnunni og nógildandi stefnu. Helsta breytingin felst í því hvernig málaflokkunum er forgangsraðað og hvernig þeir eru settir fram. Þá hefur uppbygging málaflokka einnig tekið breytingum. Lögð hefur verið aukin áhersla á umhverfis- og loftslagsmál sem og mannúðaraðstoð.

Rætt var um yfirmarkmið stefnunnar og hvort það væri nægilega skýrt þar sem Heimsmarkmiðin ná yfir flest vandamál heims. Skerpa mætti á yfirmarkmiðinu og færa þar inn ákveðnar áherslur, t.d. áherslu á mannréttindi eða að unnið sé í fátækustu ríkjum. Fulltrúi frá ráðuneytinu benti á að héraðsnálgunin sem notast sé við í tvíhliða þróunarsamvinnu krefjist þess að yfirmarkmiðið sé frekar víðtækt. Yfirmarkmið þurfi að ná yfir marga málaflokka svo að hægt sé að vinna að öllum undirmarkmiðum. Þá var spurningu velt upp um einn málaflokkinn, mannúðarmál og störf í þágu stöðugleika og friðar og hvar standi til að vinna að slíkum verkefnum. Verkefni verða unnin á skilgreindu svæði mannúðaraðstoðar og verður lögð áhersla á Sahel svæðið í Afríku auk Úkraínu.

Spurt var um hvernig setja ætti fram tímasetta áætlun í átt að 0,7% markmiðinu í nýrri þróunarsamvinnustefnu. Í þingsályktunartillögunni verður framlagakafla og verður tímasett áætlun með hækkunum framlaga sett þar inn í samræmi við fjármálaáætlun.

Bent var á að stuðning þurfi frá allri ríkisstjórninni svo hægt sé að ná 0,7% markmiðinu. Það sé ekki einungis í höndum utanríkisráðherra heldur þurfi öll ríkisstjórnin að samþykkja að setja það á fjármálaáætlun. Metnaður þarf að vera við gerð stefnunnar og þurfi skýr skilaboð að fylgja um hækkun framlaga. Stærstur hluti þeirra framlaga sem veitt séu til þróunarsamvinnu fari í önnur hagkerfi og hafi því ekki áhrif á verðbólguna á Íslandi. Ísland beri skylda til þess að aðstoða önnur ríki sem standi ekki jafn vel þar sem Ísland hafi áður þegið aðstoð annarra ríkja við að byggja upp íslenskt samfélag.

4. Álit nefndarinnar um þróunarsamvinnustefnu (10:45)

Rætt var um skipun umsagnarhóps sem verður ábyrgur fyrir því að skrifa umsögn nefndarinnar um nýja þróunarsamvinnustefnu sem mun fylgja með þingsályktunartillögunni. Þrír fulltrúar ásamt formanni nefndarinnar buðu sig fram í umsagnarhópinn, Geir Gunnlaugsson frá Háskóla Íslands, Gísli Rafn Ólafsson, þingmaður Pírata og Sólrún María Ólafsdóttir frá Rauða krossinum á Íslandi.

5. Önnur mál (10:54)

Spurt var um stöðuna í Úganda vegna nýsamþykktra laga um hinsegin fólk þar í landi og hvaða áhrif það hefði fyrir Ísland.

Fundi lokið kl. 10:59.